

JÖKLARANNSÓKNAFÉLAG ÍSLANDS

Nr. 84

Júní 2001

Fréttabréf



SUMARFERÐ

Jöklarannsóknafélag Íslands stendur fyrir helgarferð að Eiríksjökli helgina 30. júní til 1. júlí 2001. Farið verður af stað kl. 9 á laugardagsmorgni 30. júní frá Ferðaskrifstofu Guðmundar Jónassonar.

Þátttaka tilkynnist til Finns Pálssonar/Sjafnar Sigsteinsdóttur í síma 5515383 (h) eða 5254936 (v) við fyrsta tækifæri.

SUMARFERÐ JÖRFÍ 2001

Árleg sumarferð Jöklarannsóknafélags Íslands verður í þetta sinn farin að Eiríksjökli. Leiðsögumaður verður Þorsteinn Þorsteinsson jöklafræðingur og Borgfirðingur. Mun hann fræða okkur um staðhætti og sögu Eiríksjökulssvæðisins og uppsveita Borgarfjarðar.

Gist verður í tjöldum. Í fjaldstað verður séð fyrir stóru grilli, en hver og einn verður að taka með eitthvað til að setja á það.

Farið verður frá bílastæði við bækistöð Ferðaskrifstofu Guðmundar Jónassonar í Borgartúni 34 kl 9:00 laugardaginn 30. júní og komið til baka á sunnudagskvöld.

Þátttökugjald (mest rútukostnaður) er 4000 kr. fyrir fullorðna, 2000 kr. fyrir 6-15 ára en ókeypis fyrir börn yngri en 6 ára.

Þátttaka tilkynnist til Finns Pálssonar/Sjafnar Sigsteinsdóttur í síma 5515383 (h) eða 5254936 (v).

FRÉTTIR AF DJÚPBORUNUM

Nú er langt komin djúpborun, sem hófst á Grænlandsjökli sumarið 1996. Verkefnið gengur undir heitinu NGRIP (North Greenland Ice Coring Project) og er borstaðurinn í um 2950 hæð yfir sjávarmáli, rúmlega 300 km NNV við Summit búðir á hæsta kalli jökulsins, þar sem hin margumtalaða GRIP borun fór fram á árunum 1989-1992.

Á ýmsu hefur gengið við borun NGRIP kjarnans. Nýr bor var þróaður í tengslum við verkefnið og hefur hann reynst með ágætum, en það óhapp varð sumarið 1997 að borinn festist á 1370 m dýpi og reyndust allar tilraunir til að losa hann árangurslausar. Borun hófst á ný frá yfirborði 1999 og náði 1750 m dýpi þá um sumarið. Árið 2000 var haldið áfram en festa á 2930 m dýpi kom í veg fyrir að botni yrði náð það sumar. Borinn náðist þó upp og er stefnt að því að bora síðustu 150 metrana niður á botn sumarið 2001. Aðaltilgangur verkefnisins er rekja sögu síðasta hlýskeiðs ísaldar, Eem-skeiðsins, með meiri nákvæmni en hingað til hefur verið unnt. Því lauk fyrir nálægt 110.000 árum.

Sigfús Johnsen, Árný Sveinbjörnsdóttir og Þorsteinn Þorsteinsson við Raunvísindastofnun Háskólans eru nú aðilar að vísindalegri könnun ískjarnans fyrir Íslands hönd og Rannsóknaráð leggur fram fjárframlag til verkefnisins. Sigfús starfar nú aðallega við Hafnarháskóla og Þorsteinn að nokkru leyti við Alfred Wegener stofnunina í Bremerhaven, en þessar tvær

stofnanir standa straum af mestum hluta kostnaðar við verkefnið. Margir Íslendingar hafa lagt hönd á plóginn í starfinu á jöklinum sl. 5 sumur og taka nokkrir þeirra þátt í lokasprettinum nú í sumar. Nöfn fólksins og hlutverk á jökli eru nefnd hér að neðan:

Sigfús Johnsen	Stjórnandi borunar, vísindamaður (1996-2001)
Ásta B. Elíasdóttir	Matselja (2000)
Björk Harðardóttir	Matselja (1997-2001)
Haflíði Bárður Harðarson	Smiður, vélamaður (1996-1997)
Hlynur Skagfjörð Pálsson	Vélamaður (1999-2000)
Ingibjörg Guðjónsdóttir	Matselja (1999)
Óliver Hilmarrson	Kjarnagæsla (2000)
Pálína Kristinsdóttir	Kjarnagæsla (1996-1998)
Sigurður S. Stephensen	Læknir (1999)
Steinunn S. Jakobsdóttir	Bormaður, umsjón jarðskjálftamæla (1999-2001)
Sverrir Hilmarrson	Smiður, vélamaður (1996-2001)
Sölvi Oddsson	Tæknimaður (2000-2001)
Valgerður Jóhannsdóttir	Matselja (2000-2001)
Þorsteinn Þorsteinsson	Bormaður, vísindamaður (1996-97, 1999, 2001)

Guðbjörg Aradóttir við Raunvísindastofnun mun sem fyrr vinna við samsætumælingar á sýnum úr kjarnanum með massageini RH. Þá hafa flugmenn Flugfélags Íslands sinnt fólksflutningum og sjúkraflugi til NGRIP búðanna á Twin Otter vélum.

Á Suðurskautslandinu hefur einnig gengið á ýmsu við boranir undanfarin ár. Á Dome C bungunni festist bor á 780 m dýpi suðursumarið 1998-99, en nú í lok janúar tókst að ná þar tæplega 1500 m dýpi eftir að borun hafði hafist á ný í desemberbyrjun. Þá hefur einn Íslendingur, Sverrir Hilmarrson, tekið þátt í uppsetningu nýrra borbúða í Dronning Maud Land (DML) suðursumarið 2000/2001. Gekk það starf að óskum og er stefnt að því að hefja þar borun í desember 2001. Vonast er til að DML kjarninn veiti ítarlegar upplýsingar um veðurfarssögu sl. 150.000 ára á þeim hluta Suðurskautsjökulsins, sem snýr að Suður-Atlantshafi. En með boruninni á Dome C er stefnt að því að ná allt að 600.000 ár aftur í tímann og þar með lengri veðurfarssögu en nokkur ískjarni hefur gefið til þessa. Er talið að erfitt verði að bæta um betur á stórejöklinum báðum þegar lokið verður verkefnum þeim, sem hér hafa verið nefnd.

Þorsteinn Þorsteinsson



Í Grímsvötnum. Úr vorferð JÖRFÍ 2001.

Útg. JÖRFÍ, Pósthólf 5128, 125 Reykjavík / Ábm. Sverrir Óskar Elefsen